

REYKJAVÍKURBORG
DESEMBER 2019

Börn og menningaruppeldi

Samanburðarkönnun á þátttöku
barna og unglunga í skipulögðum
viðburðum menningarstofnana
Reykjavíkurborgar

Skýrsla starfshóps
Menningar- og ferðamálasviðs
um Kynjaða fjárhags- og starfsáætlun



Menningar- og ferðamálasvið

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	3
2 Greining.....	4
2.1 Viðburðir skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur.....	4
2.1.1 Greining viðburða eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur.....	7
2.1.1.1 Ritsmiðjur	8
2.1.1.2 Opnir viðburðir í haustfrí.....	8
2.1.2 Greining viðburða eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur.....	10
2.1.3 Greining viðburða eftir stofnunum – Borgarsögusafn Reykjavíkur.....	11
2.2 Skipulagðar heimsóknir skólabarna	14
2.2.1 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur	21
2.2.2 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur	22
2.2.3 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Borgarsögusafn Reykjavíkur	24
3 Niðurstöður og tillögur.....	26
3.1 Verkefnið	26
3.2 Meginniðurstöður	26
3.3 Tillögur	27

1 Inngangur

Í ágúst 2014 vann starfshópur MOF um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun rannsókn um þátttöku barna og ungmenna á skipulögðum viðburðum á vegum stofnanna sviðsins. Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og leggja mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu. Í framhaldi af því skyldi gera tillögur um hvernig mætti jafna þann mun, sem hugsanlega kæmi fram, eða viðhalda jafnræði.

Í stefnumiðuðu árangursmati Menningar- og ferðamálsviðs er menningaruppeldi meðal mælikvarða og greinist það annars vegar í viðburði sem skipulagðir eru fyrir börn og fjölskyldur og hins vegar skipulagðar heimsóknir skólabarna.¹ Horft var til þessarar tvískiptingar í gagnaöfluninni:

- Viðburðir skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur.
- Skipulagðar heimsóknir skólabarna.

Skipulagðir viðburðir fyrir börn, sem athugaðir voru í þessari könnun, voru flestir í formi námskeiða, ritsmiðja og leshringja. Kynjahlutfall meðal þátttakenda var mjög skakkt, yfir sviðið í heild var það að jafnaði um 70% stúlkur og 30% drengir, en allt upp í 79-84% stúlkur í leshringjum og ritsmiðjum Borgarbókasafns.

Athygli vakti að kynjahlutfallið var ekki síður skakkt þegar litið var til þeirra sem skipulögðu og höfðu umsjón með viðburðunum, yfir sviðið í heild var það að jafnaði 77% konur og 23% karlar.

Viðhorfskannanir sem gerðar voru meðal skólabarna, sem komu í skipulagðar heimsóknir í stofnanir MOF, sýndu að meirihlutinn taldi sig hafa ánægju og/eða gagn af heimsókninni en að jafnaði gáfu 77% barnanna svarið „mikið“ (þ.e. jákvætt svar) við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir þau, þ.e. „Lærðir þú eitthvað nýtt?“, „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“.

Yfir heildina voru svör stúlkanna jákvæðari en drengjanna. 82% stúlkanna gáfu jákvæð svör og 5% neikvæð svör á meðan 72% drengjanna gáfu jákvæð svör og 10% neikvæð.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru á þá leið að viðburðir og kynningar á vegum stofnana MOF hafi náð betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju.

Starfshópurinn lagði fram tillögur að viðbrögðum við niðurstöðum rannsóknarinnar. Lagt var til að efni skýrslunnar yrði tekið til frekari rýningar innan Menningar- og ferðamálsviðs og stofnana þess í samráði við það starfsfólk sem kom að þjónustu við börn og unglunga og eftir atvikum aðila utan sviðsins, t.d. starfsfólk á Skóla- og frístundasviði, með það fyrir augum að setja fram tillögur og áætlun um úrbætur. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að skoðuð yrðu tengsl aldurs og áhuga barna í skólaheimsóknum og á viðburðum á vegum Menningar- og ferðamálsviðs.

Starfshópurinn lagði einnig til að skoðað yrði kynjahlutfall á helstu viðburðum á vegum stofnana sviðsins, þ.e. leshringjum, smiðjum og námskeiðum og í framhaldinu lagðar fram

tillögur og áætlun um úrbætur sem höfðuðu til beggja kynja með fjölbreyttum verkefnum fyrir alla aldurshópa.

Eftir útkomu skýrslunnar var gripið til fjölþættra aðgerða með það að markmiði að bregðast við þeim niðurstöðum sem þar blöstu við. Niðurstöður rannsóknarinnar voru rýndar og í framhaldi skipaður starfshópur þvert á stofnanir sviðsins. Ákveðið var að úthluta fjármagni úr barnameningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann, lögð var áhersla á að gæta kynjajafnræðis við val á umsjónarmönnum viðburða og fengu umræddir starfsmenn fræðslu um jafnrétti og menningaruppeldi stráka og stelpna. Breytingar voru gerðar á starfsmannahaldi til þess að tryggja aukna aðkomu karlkynsstarfsmanna að undirbúningi og framkvæmd viðburða og fræðslu og settir voru á stofn rýnihópar kennara og ungmenna úr grunnskólum Reykjavíkur.

Árið 2017 var tekin ákvörðun um að rannsóknin skyldi endurtekin til þess að fanga þá þróun sem orðið hafði frá því sumarið 2014. Hafa ofangreindar aðgerðir skilað tilætluðum árangri? Gagnaöflun hófst á haustmánuðum 2017 og stóð yfir til loka árs 2018.

Starfshópin um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á MOF skipa Alma Dís Kristinsdóttir, Anna Friðbertsdóttir, Baldur Örn Arnarson, Hrönn Snæbjörnsdóttir, Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Kolbrún Hauksdóttir, Kristín Hauksdóttir og Markús Þór Andrésson.

Eigandi verkefnisins er sviðsstjóri MOF (Arna Schram).

2 Greining

2.1 Viðburðir skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur

Árið 2017 hófst skráning vegna viðburða og voru útbúin skráningareyðublöð með sama sniði og gert var árið 2014. Yfir sumarið eru skipulagðir viðburðir fyrir börn og unglunga á vegum menningarstofnanna og má þar nefna ritsmiðjur, listasmiðjur og sumarnámskeið, en einnig er nokkuð um slíka viðburði yfir veturinn. Sumir þessara viðburða eru þess eðlis að þátttakendur skrá sig í þá fyrirfram og því liggja fyrir kyngreind gögn ef skráningunni eða upplýsingum úr henni er haldið til haga. Aðrir viðburðir eru opnir og án skráningar og getur þá verið misjafnt hversu auðvelt er að telja þátttakendur.

Aflað var gagna um slíka viðburði frá Borgarbókasafni Reykjavíkur, Listasafni Reykjavíkur og Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Um var að ræða 69 viðburði með 1.751 þátttakenda. Gagnaöflun vegna þessarar samanburðarrannsóknar var mun umfangsmeiri en við fyrri rannsókn þar sem til skoðunar voru 23 viðburðir með 424 þátttakendum.

Í greiningu er börnunum skipt í aldurshópa þannig:

- Leikskólastig, 1 til 5 ára

- Grunnskólastig I, 6 til 9 ára
- Grunnskólastig II, 10 til 12 ára
- Grunnskólastig III, 13 til 16 ára
- Framhaldsskólastig 17 til 18 ára.

Skráðir voru skipuleggjendur sem oftast eru kennarar, og aðrir undirbúningsaðilar, sem geta bæði verið starfsmenn stofnanna, sem sjá um skipulagningu viðburðanna, og leiðbeinendur, sem eru ýmist starfsmenn eða utanaðkomandi.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu fjölgaði karlkyns skipuleggjendum umtalsvert á milli rannsókna en ein aðgerða í kjölfar fyrri rannsóknar var einmitt að fjölga karlmönnum í hópi skipuleggjenda.

Árið 2014 voru karlkyns skipuleggjendur eða fylgdarmenn 12 talsins, eða 23% samanborið við 34 skipuleggjendur 2017 og 2018 eða 35% skipuleggjenda.

Menningar- og ferðamálasvið (MOF) Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur 2017	Karlar	Konur	Samtals
Skipuleggjendur	34	64	98
Skipuleggjendur %	35%	65%	
<i>Skipuleggjendur % 2014</i>	<i>22%</i>	<i>78%</i>	

Líkt og í fyrri rannsókn voru flestir þátttakenda á fyrsta og öðru grunnskólastigi. Að þessu sinni voru 1.387 þátttakendur á fyrsta og öðru stigi grunnskóla samanborið við 369 árið 2014. Að sama skapi voru mun fleiri þátttakendur á leikskólastigi í samanburðarrannsókninni eða 173 samanborið við 26 árið 2014.


Menningar- og ferðamálasvið (MOF) Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur 2017	Leikskólastig		Grunnskóla-stig I (6-9 ára)		Grunnskóla-stig II (10-12 ára)		Grunnskóla-stig III (13-16 ára)		Framhalds- skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Borgarbókasafn	14	17	72	84	46	82	2	1	0	0	134	184
Listasafn	11	12	73	107	33	61	0	6	0	0	117	186
Borgarsögusafn	64	55	247	267	136	179	71	74	14	23	532	598
MOF samtals	89	84	392	458	215	322	73	81	14	23	783	968
MOF %	51%	49%	46%	54%	40%	60%	47%	53%	38%	62%	45%	55%
<i>MOF % 2014</i>	<i>50%</i>	<i>50%</i>	<i>32%</i>	<i>68%</i>	<i>30%</i>	<i>70%</i>	<i>30%</i>	<i>70%</i>	<i>0%</i>	<i>100%</i>	<i>32%</i>	<i>68%</i>

Greining á þátttakendum:


- Gríðarlegur munur er á fjölda þátttakenda í rannsókninni. Stærsta skýringin á því er mikill fjöldi þátttakenda frá sameinuðu Borgarsögusafni. Rannsóknin náði nú til 1.751 þátttakenda samanborið við 424 árið 2014. Með það í huga ætti marktæknin að aukast en síðari könnunin náði einig yfir mun lengra tímabil en sú fyrri.
- Gagnaöflun fór fram á 69 viðburðum samanborið við 23 viðburði árið 2014.
- Hlutfall drengja hækkar verulega á milli rannsókna. Þeir eru nú 45% þátttakenda en voru 32% árið 2014.
- Kynjahlutfallið úr stærstu hópum þátttakenda (grunnskólastigum 1 og 2) hefur jafnast verulega á milli rannsókna. Drengir eru nú 46% þátttakenda af fyrsta stigi

(samanborið við 32% árið 2014) og 40% þátttakenda af öðru stigi (samanborið við 30% árið 2014).

- Kynjahlutfall þeirra sem komu að skipulagningu jafnaðist einnig umtalsvert. Karlar eru nú 35% skipuleggjenda en voru einungis 22% árið 2014.



Ef aðeins eru skoðaðir þátttakendur af fyrsta og öðru skólastigi, fjölmennustu hópar rannsóknarinnar, má glögglega greina hve umfangsmikil samanburðarrannsóknin er með hliðsjón af þeirri sem framkvæmd var árið 2014.



2.1.1 Greining viðburða eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skorkorti Borgarbókasafns voru viðburðir fyrir börn og fjölskyldur 131 á árinu 2017 og 132 á árinu 2018. Inni í þessum tölum eru m.a. viðburðir tengdir fjölskyldumorgnum og krakkahelgum. Þessir viðburðir eru oft þess eðlis að erfitt er að halda tölu yfir þátttakendur, enda eru þeir í sumum tilvikum að koma og fara meðan á viðburðinum stendur, en auk þess er oft um að ræða ung börn sem koma með foreldrum sínum.


Til að afla upplýsinga um hversu vel bókasafnið höfðar til drengja og stúlkna þótti því best að einskorða gagnaöflunina við þá atburði sem börnin skrá sig í eða sækja frekar að eigin frumkvæði.

Þeir viðburðir, sem gagna var aflað frá, voru ritsmiðjur þar sem þátttakendur skráðu sig fyrirfram, auk átta opinna viðburða í vetrarfrí grunnskólanna 2017 þar sem þátttakendur voru taldir.

Ritsmiðjur og opinir viðburðir í vetrarfrí 2017

14 viðburðir með 318 þátttakendum samanborið við 12 viðburði með 271 þátttakanda árið 2014. Að skipulagningu þessara viðburða komu 14 einstaklingar, 1 karl og 13 konur (starfsmenn safnsins). Að umsjón þessara viðburða komu 14 einstaklingar, 5 karlar og 9 konur. Að 8 smiðjum komu aðrir en starfsmenn safnsins, 5 karlar og 3 konur. Karlmennum hefur því heldur fjölgað við umsjón viðburða á Borgarbókasafni en árið 2014 sáu 14 skipuleggjendur og umsjónaraðilar að framkvæmd viðburðanna, þar af tveir karlmenn.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Allir skráðir viðburðir 2017	Leikskóla-stig		Grunnskóla-stig I (6-9 ára)		Grunnskóla-stig II (10-12 ára)		Grunnskóla-stig III (13-16 ára)		Framhalds- skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Borgarbókasafn samtals	14	17	72	84	46	82	2	1	0	0	134	184
Borgarbókasafn %	45%	55%	46%	54%	36%	64%	67%	33%	-	-	42%	58%
Borgarbókasafn % 2014	50%	50%	31%	69%	24%	76%	57%	43%	0%	100%	29%	71%




2.1.1.1 Ritsmiðjur

Ritsmiðjur voru í júnímánuði í öllum söfnunum í fimm daga, tvo tíma í senn, ætlaðar börnum á aldrinum 9 til 12 ára. Alls voru þátttakendur 56.

Að skipulagningu komu 1 karl og 5 konur. Að umsjón ritsmiðjanna komu 4 karlar og 2 konur.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Ritsmiðjur sumarið 2017	Grunnskólastig I (6-9 ára)		Grunnskólastig II (10-12 ára)		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Aðalsafn	0	0	4	9	4	9
Árbær	0	1	1	6	1	7
Kringlan	0	1	3	5	3	6
Sólheimar	0	0	3	6	3	6
Gerðuberg	0	1	2	7	2	8
Spöngin	0	1	1	5	1	6
Borgarbókasafn samtals	0	4	14	38	14	42
Borgarbókasafn %	0%	100%	27%	73%	25%	75%





2.1.1.2 Opnir viðburðir í haustfrí

Skráðar voru upplýsingar um þátttöku í opnum viðburðum í haustfrí í október 2017 í söfnunum í Árbæ, Grófinni og Kringlunni. Samtals voru þátttakendur 262.

Að skipulagningu komu 8 konur (3 konur sem skipulögðu samtals 8 viðburði). Að umsjón viðburðanna komu 1 karl og 7 konur.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Opnir viðburðir 2017	Leikskóla- stig		Grunnskóla- stig I (6-9 ára)		Grunnskóla- stig II (10-12 ára)		Grunnskóla- stig III (13-16 ára)		Framhalds- skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Árbær	11	10	28	24	17	8	1	1	0	0	57	43
Grófin	2	1	24	30	0	0	0	0	0	0	26	31
Kringlan	1	6	20	26	15	37	0	0	0	0	36	69
Borgarbókasafn samtals	14	17	72	80	32	45	1	1	0	0	119	143
Borgarbókasafn %	45%	55%	47%	53%	42%	58%	50%	50%	-	-	45%	55%



Helstu niðurstöður:


- Fleiri þátttakendur í samanburðarrannsókninni eða 318 miðað við 271 árið 2014.
- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-12 ára líkt og árið 2014.
- Kynjahlutfall þátttakenda heilt yfir var 58% stúlkur og 42% drengir. Hlutfallið jafnaðist mikið frá síðustu könnun þegar drengir voru 29% þátttakenda.
- Af þátttakendum á fyrsta grunnskólastigi voru drengir 46% samanborið við 31% árið 2014.
- Af þátttakendum á öðru grunnskólastigi voru drengir 36% samanborið við 24% árið 2014.
- Kynjahlutfall umsjónarmanna og skipuleggjenda var 6 karlar á móti 13 konum samanborið við 2 karla á móti 12 konum árið 2014.
- Ljóst að viðburðir og smíðjur bókasafnsins höfðuðu mun betur til drengja en þær gerðu árið 2014.

2.1.2 Greining viðburða eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skorkorti Listasafns Reykjavíkur voru viðburðir fyrir börn og fjölskyldur 27 á árinu 2017 og 29 á árinu 2018.

Í Listasafni Reykjavíkur var aflað gagna frá tuttugu skipulögðum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur. 12 á árinu 2017 með 154 þátttakendum og 8 á árinu 2018 með 149 þátttakendum. Ýmist var um að ræða sumarnámskeið fyrir börn eða einstaka viðburði á Barnamenningarhátíð eða í Vetrarfríum grunnskóla, svo sem kynningar, leiðsagnir og örnámskeið með virkri þátttöku barna eða fjölskyldna. Fleiri viðburðir voru á dagskrá sem börn tóku þátt í, en yfirleitt voru þátttakendur ekki skráðir og erfitt um vik að afla kyngreindra gagna frá þeim. Sjö konur og fjórir karlar voru leiðbeinendur og sáu um skipulagningu samanborið við 13 konur og 1 karl árið 2014.

Listasafn Reykjavíkur Viðburðir 2017 - 2018	Leikskóla-stig		Grunnskóla-stig I (6-9 ára)		Grunnskóla-stig II (10-12 ára)		Grunnskóla-stig III (13-16 ára)		Framhalds-skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Viðburðir 2017 - 2018	11	12	73	107	33	61	0	6	0	0	117	186
Listasafn samtals	11	12	73	107	33	61	0	6	0	0	117	186
Listasafn %	48%	52%	41%	59%	35%	65%	0%	100%	-	-	39%	61%
Listasafn % 2014	40%	60%	38%	62%	38%	62%	0%	100%	0%	100%	36%	64%



Helstu niðurstöður:



- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-12 ára.
- Kynjahlutfall heilt yfir var 61% stúlkur og 39% drengir en til samanburðar voru drengir 36% þátttakenda í síðustu rannsókn.
- Kynjahlutfall umsjónarmanna og skipuleggjenda var 4 karlar á móti 7 konum samanborið við 1 karl á móti 13 konum í síðustu rannsókn.

2.1.3 Greining viðburða eftir stofnunum – Borgarsögusafn Reykjavíkur

Í Borgarsögusafni var aflað gagna frá 27 viðburðum (10 námskeið, 11 opnar smiðjur, 2 leiðsagnir og 4 viðburðir með dagskrá) frá júní 2017 fram í febrúar 2018 sem stóðu í 1 klst. til 35 klst. hver.

Samanburður við skýrslu frá 2014 er ekki mögulegur þar sem einungis eitt af söfnum Borgarsögusafns, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, var með í fyrri greiningu á viðburðum. Í þeirri greiningu voru alls 40 þátttakendur á móti 1130 í greiningu á viðburðum 2017-2108 sem er ekki samanburðarhæft viðmið.

Borgarsögusafn Viðburðir 2017	Leikskóla-stig		Grunnskóla-stig I (6-9 ára)		Grunnskóla-stig II (10-12 ára)		Grunnskóla-stig III (13-16 ára)		Framhalds-skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Leiðsagnir	3	2	5	3	2	4	0	0	0	0	10	9
Opin smiðja	50	41	180	159	100	114	55	55	14	15	399	384
Námskeið með skráningu	0	5	15	35	23	35	7	3	0	8	45	86
Dagskrá	11	7	47	70	11	26	9	16	0	0	78	119
Borgarsögusafn samtals	64	55	247	267	136	179	71	74	14	23	532	598
Borgarsögusafn %	54%	46%	48%	52%	43%	57%	49%	51%	38%	62%	47%	53%



Helstu niðurstöður:

- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-9 ára. Mögulega er þetta sá aldurshópur sem er meðfærilegastur í heimsókn fjölskyldna á safni (opnar smiðjur).
- Kynjahlutfall þátttakenda heilt yfir var 53% stúlkur og 47% drengir en hlutfall kynjanna var nær jafnt í aldurhópnum 13-16 ára. Mestur kynjahalli er hjá elsta hópnum framhaldsskólastiginu sem gaf til kynna að 38% drengja tóku þátt á móti 62% stúlkna. Hafa ber í huga að námskeið með skráningu skekkti þessa niðurstöðu stúlkum í vil en ef námskeiðið er ekki tekið með voru kynjahlutföllin í þessum aldurshópi mun jafnari. Viðfangsefni námskeiða á safni gætu mögulega hentað áhugasviði stúlkna betur en drengja en þetta mætti kanna betur með rýnihópum.

- Kynjahlutfall þeirra sem komu að umsjón og skipulagningu var 18 karlar á móti 23 konum.
- Framboð safnsins byggir að mestu á opnum smiðjum má þar nefna; teiknismiðja, bátasmiðja, myndaþraut, Komdu að leika o.s.frv. Þetta eru oftast en ekki fjölskyldumiðaðir viðburðir, þ.e.a.s. börnum og fjölskyldum þeirra er boðið upp á dagskrá í opnum smiðjum.

2.2 Skipulagðar heimsóknir skólabarna

Flest börn og unglingar, sem stofnanir MOF sinna á skipulagðan hátt, koma gegnum samstarf við skólana, einkum leikskóla og grunnskóla. Árin 2017 og 2018 sóttu 88.030 börn og ungmenni söfnin heim í skipulögðum heimsóknum. Árið 2017 voru heimsóknirnar 44.879 og ári síðar voru þær 43.181.

Kynjahlutfall í þessum heimsóknum ræðst alfarið af alfarið af hlutfalli kynjanna í skólunum og því þýðingarlaust að skrá það.

Þess í stað var framkvæmd viðhorfskönnun, með sama hætti og árið 2014, á meðal barnanna sem komu í heimsókn. Framkvæmdin fór fram með sama hætti og í síðustu rannsókn.

Útbúin voru eyðublöð með þremur spurningum:

Lærðir þú eitthvað nýtt?

Var gaman?

Viltu koma aftur?

og gefnir þrjár svarmöguleikar, sem voru númeraðir, en í stað talna voru settir broskallar fyrir yngsta stigið (6-9 ára):

Lítið (1 eða ☹)

Hvorki né (2 eða ☺)

Mikið (3 eða ☺)

Elstu börnin, 13 ára og eldri, fengu auk þess spurninguna „Hvað fannst þér best“, sem þau áttu að svara með eigin orðum.

Eyðublöðin voru höfð gul fyrir stúlkurnar en græn fyrir drengina.

	Lítið	Hvorki né	Mikið
Lærðir þú eitthvað nýtt í dag?	1	2	3
Fannst þér gaman?	1	2	3
Langar þig að koma aftur?	1	2	3
Hvað fannst þér best?	<hr/> <hr/>		
 Reykjavíkurborg Menningar- og ferðamálasvið			

Flestir þátttakendur, eða um 72% svarenda í viðhorfskönnuninni, voru á fyrsta og öðru stigi grunnskóla (6-12 ára). Um 7% þátttakenda komu af leikskólastigi og annað eins af framhaldsskólastigi. Liðlega helmingi fleiri komu af þriðja grunnskólastigi.

Í könnuninni fengust alls 4.732 svör, samanboreð við 2.213 í síðustu könnun, og skiptust þau þannig:

	Drengir	Stúlkur	Samtals
Leikskólastig	167	159	326
Grunnskólastig I	1187	1112	2299
Grunnskólastig II	522	567	1089
Grunnskólastig III	326	341	667
Framhaldsskólastig	105	246	351
Samtals	2307	2425	4732

Hér má sjá heildarniðurstöður viðhorfskönnunarinnar:

2017 og 2018				2014			
Lærðirðu eitthvað nýtt?	Drengir	Stúlkur	Allir	Lærðirðu eitthvað nýtt?	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	56%	71%	63%	Mikið	67%	74%	70%
Hvorki né	26%	22%	24%	Hvorki né	19%	18%	19%
Lítið	18%	7%	13%	Lítið	14%	8%	11%

2017 og 2018				2014			
Var gaman?	Drengir	Stúlkur	Allir	Var gaman?	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	61%	76%	68%	Mikið	77%	86%	82%
Hvorki né	29%	19%	24%	Hvorki né	17%	11%	14%
Lítið	11%	6%	8%	Lítið	6%	3%	4%

2017 og 2018				2014			
Viltu koma aftur?	Drengir	Stúlkur	Allir	Viltu koma aftur?	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	56%	72%	64%	Mikið	73%	85%	79%
Hvorki né	27%	18%	23%	Hvorki né	18%	10%	14%
Lítið	17%	10%	13%	Lítið	9%	5%	7%

Nánari sundurgreiningu er að finna á skífuritum í Fylgiskjali I.

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar eru mjög áhugaverðar. Hafa ber í huga að þátttakendur voru mun fleiri í könnuninni sem framkvæmd var árin 2017 og 2018 og heimsóknirnar mun fjölbreyttari.

Lærðir þú eitthvað nýtt í dag?

Líkt og í könnuninni sem framkvæmd var árið 2014 taldi meirihluti svarenda sig hafa lært eitthvað nýtt af heimsóknunum eða 63% en í könnuninni 2014 kom fram að 70% þátttakenda töldu sig hafa lært eitthvað nýtt af heimsóknunum. Á móti töldu 13% svarenda sig hafa lært lítið nýtt af heimsóknunum samanborið við 11% í könnuninni 2014.

Líkt og í viðhorfskönnuninni frá 2014 töldu stúlkurnar sig hafa lært meira af heimsókn sinni en 71% þeirra svöruðu könnuninni með þeim hætti, samanborið við 74% árið 2014.

Drengirnir töldu sig aftur á móti ekki hafa lært jafn mikið af heimsóknunum því 56% svöruðu spurningunni með þeim hætti samanborið við 67% árið 2014. Athygli vekur að lækkunin á þessari spurningu nemur 13 prósentustigum á milli kannananna.

Fleiri drengir voru á því að þeir hefðu lært lítið af heimsóknunum eða 18% samanborið við 14% árið 2014 á meðan 7% stúlkna voru á þeirri skoðun samanborið við 8% árið 2014.

Hærra hlutfall drengjanna merkti við hvorki né eða rúmlega fjórðungur samanborið við 19% árið 2014 og 22% stúlkanna svaraði með þeim hætti samanborið við 18% árið 2014.

Fannst þér gaman?

68% svarenda töldu sig hafa haft gaman af heimsóknunum samanborið við 82% í könnuninni 2014. Lækkunin milli kannana nemur því 14 prósentustigum. 8% svarenda hafði lítið gaman af heimsóknunum og um fjórðungur svaraði hvorki né.

Við samanburð á svörum eftir kynjum sést að svörun stúlkanna var mun jákvæðari en 76% þeirra töldu sig hafa haft gaman af heimsóknunum samanborið við 86% árið 2014.

61% drengjanna töldu sig hafa haft gaman af heimsóknunum samanborið við 77% árið 2014.

Drengirnir voru jafnframt líklegri til þess að gefa neikvæða svörun en 11% þeirra taldi sig hafa haft lítið gaman af heimsóknunum samanborið við 6% árið 2014 á meðan 6% stúlkanna töldu sig hafa haft lítið gaman af heimsóknunum samanborið við 3% árið 2014.

Aftur merkti hærra hlutfall drengjanna við hvorki né eða tæplega 30% samanborið við 17% árið 2014 og 19% stúlkanna svaraði með þeim hætti samanborið við 11% árið 2014.

Langar þig að koma aftur?

64% svarenda svöruðu því til að þeir vildu koma aftur á söfnin samanborið við 79% í síðustu könnun. Lækkunin nemur því 15 prósentustigum. Tæplega fjórðungur svaraði spurningunni með hvorki né og 13% töldu sig hafa lítinn áhuga á að koma aftur samanborið við 7% í síðustu könnun.

Aftur er svörunin mun jákvæðari hjá stúlkunum en drengjunum. 72% stúlkanna sögðust vilja koma aftur samanborið við 85% árið 2014 á meðan 56% drengja sögðust vilja koma aftur samanborið við 73% árið 2014.

Um 17% drengjanna höfðu lítinn áhuga á að koma aftur samanborið við 9% árið 2014 og 10% stúlkanna höfðu lítinn áhuga á að koma aftur samanborið við 5% árið 2014.

Enn og aftur merkti hærra hlutfall drengjanna við hvorki né eða tæplega 27% samanborið við 18% árið 2014 og 18% stúlkanna svaraði með þeim hætti samanborið við 10% árið 2014.

Í fylgiskjali I eru skífurit þar sem svörin eru greind nánar niður eftir stofnunum og aldurshópum.

Svör við spurningum eftir aldri og kynjum.

Alls bárust 326 svör frá börnum af leikskólastigi en flókið getur verið að meta hve marktæk svörin eru með hliðsjón af aldri barnanna. Í síðustu könnun bárust 133 svör frá sama hópi. Drengirnir á leikskólaaldri voru almennt jákvæðir í garð heimsóknna á söfnin. 85% töldu sig hafa lært eitthvað nýtt (samanborið við 83% árið 2014), 89% þótti gaman (83% árið 2014) og 82% vilja koma aftur á söfnin (83% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum drengjanna á leikskólastigi má sjá hér:



Stúlkurnar á sama aldri voru enn jákvæðari í garð heimsóknna á söfnin. 80% töldu sig hafa lært eitthvað nýtt (samanborið við 88% árið 2014), 94% þótti gaman (87% árið 2014) og 96% vilja koma aftur á söfnin (88% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum stúlkanna á leikskólastigi má sjá hér:



Almennt má slá því föstu að niðurstöður þær sem snerta þennan hóp hafi verið jákvæðari í samanburðarrannsókninni en í þeirri sem framkvæmd var árið 2014, hvort sem litið er til drengja eða stúlkna.

Flest svör komu frá aldurshópnum 6-9 ára, samtals 2.299. Líkt og í síðustu könnun eru stúlkurnar almennt jákvæðari en drengirnir. Nú sögðust 57% drengjanna hafa lært eitthvað nýtt af heimsókninni (samanborið við 68% árið 2014), 68% hafði gaman af heimsókninni (83% árið 2014) og 66% vildi koma aftur á söfnin (79% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum drengjanna á fyrsta grunnskólastigi má sjá hér:



Þó stúlkurnar hafi sannarlega verið jákvæðari en drengirnir þá minnkaði ánægjan með heimsóknir á milli kannanna. Þannig sögðust 76% þeirra hafa lært eitthvað nýtt af heimsókn sinni (samanborið við 77% árið 2014), 80% hafði gaman af heimsókninni (92% árið 2014) og 81% sagðist vilja sækja söfnin aftur (89% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum stúlkunnanna á fyrsta grunnskólastigi má sjá hér:



Frá aldurshópnum 10-12 ára komu 1.089 svör. Eftir því sem þátttakendur eldast þá minnkar jákvæðnin í svörum. Nú sögðust 53% drengjanna hafa lært eitthvað nýtt af heimsókninni (samanborið við 56% árið 2014), 52% hafði gaman af heimsókninni (62% árið 2014) og 45% vildi koma aftur á söfnin (49% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum drengjanna á öðru grunnskólastigi má sjá hér:



Stelpurnar voru áfram jákvæðari í þessum aldursflokki. Nú sögðust 68% þeirra hafa lært eitthvað nýtt af heimsókninni (samanborið við 63% árið 2014), 69% hafði gaman af heimsókninni (69% árið 2014) og 62% vildi koma aftur á söfnin (71% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum stúlkunnanna á öðru grunnskólastigi má sjá hér:



Alls bárust 667 svör frá þátttakendum á þriðja grunnskólastigi (13-16 ára) og áfram fækkaði jákvæðum svörum.

38% drengjanna töldu sig hafa lært eitthvað nýtt (samanborið við 47% árið 2014), 34% hafði gaman af heimsókninni (37% árið 2014) og 24% vildi koma aftur á söfnin (35% árið 2014). Kökurit sem lýsir svörum drengjanna á þriðja grunnskólastigi má sjá hér:



Stúlkurnar á þriðja grunnskólastigi voru áfram ögn jákvæðari en skólabræður þeirra. Nú sögðust 56% þeirra hafa lært eitthvað nýtt af heimsókninni (samanborið við 46% árið 2014), 59% hafði gaman af heimsókninni (49% árið 2014) og 50% vildi koma aftur á söfnin (53% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum stúlkanna á þriðja grunnskólastigi má sjá hér:



Alls barst 351 svar frá unglíngum á framhaldsskólastigi. Þessi hópur heimsótti eingöngu Borgarsögusafn. Eftir sem áður voru stúlkurnar jákvæðari í sínum svörum.

68% drengja á framhaldsskóla aldri sögðust hafa lært eitthvað nýtt af heimsókninni (samanborið við 92% árið 2014), 71% hafði gaman af heimsókninni (69% árið 2014) og 60% vildi koma aftur á söfnin (69% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum drengja á framhaldsskólaaldri má sjá hér:



Stúlkurnar af framhaldsskólastiginu voru eftir sem áður heilt yfir jákvæðari en piltarnir í garð heimsóknna sinna á söfnin. Þannig sögðust 66% þeirra hafa lært eitthvað nýtt af heimsókninni (samanborið við 100% árið 2014), 83% hafði gaman af heimsókninni (86% árið 2014) og 68% vildi koma aftur á söfnin (100% árið 2014).

Kökurit sem lýsir svörum stúlkanna af framhaldsskólastigi má sjá hér:



Helstu niðurstöður:

- Mun fleiri þátttakendur í samanburðarrannsókninni (4.732 svör samanborið við 2.213 árið 2014).
- Flestir þátttakendur af fyrsta grunnskólastigi (2.299) og af öðru grunnskólastigi (1.089), samtals um 72% svarenda.
- Stúlkur jákvæðari í öllum aldurshópum í garð heimsóknanna.
- Jákvæðni þátttakenda minnkar með aldrinum og er vel undir 50% hjá aldurshópnum 13-16 ára.
- Almenn tölja börnin sig hafa meiri ánægju (68%) en gagn (63%) af heimsókninni.
- Börn af leikskólastigi jákvæðustu þátttakendur viðhorfskönnunarinnar.
- Þrátt fyrir aukna þátttöku drengja í viðburðum á vegum safnanna dvínar ánægja þeirra af skólaheimsóknum í samanburði við fyrri rannsókn.

2.2.1 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur

Svör komu frá tveim aldurshópum í Borgarbókasafninu, 6-9 ára og 13-16 ára, alls 75 svör.

Stærsti aldurshópurinn sem kom var 6-9 ára og frá honum komu 64 svör. Heimsóknir þeirra fólust í safnkynningu þ.e.a.s. farið var með börnunum um safnið, sagt frá þjónustu og starfsemi safnsins. Aldurstigið 13-16 ára gaf miklu færri svör, eða 11. Þar var um einn viðburð að ræða, kynning á myndasögum og myndasögudeildinni í Grófinni.

Svo er að sjá að þau hafi metið gamanið meira en gagnið. 68-74% drengjanna og 81-84% stúlkanna gefa jákvæð svör við spurningunum „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“, en jákvæð svör við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“ voru 57% hjá stúlkunum og 53% hjá drengjunum. Almennu eru svörin jákvæðari hjá stúlkunum og munar þar 4-13 prósentustigum.

84 % stúlkna og 89% drengja gáfu skriflegt svar við spurningunni „Hvað fannst þér best?“ Hjá stúlkunum má greina 4 megin flokka í svörunum; viðveru í safninu, lestur, bókakost og ónákvæm svör. Hjá drengjunum eru sömu þemu í svörum og hjá stúlkunum auk svara um efni fyrirlesturs sem hópurinn 13-16 ára fékk um myndasögudeildina.

Þegar sameiginlegu þemun eru skoðuð og borin saman þá komu svör frá 10% stúlkna og 20% drengja sem má túlka að tengdust almennt því að vera í safninu. Dæmi um slík svör eru; „að skoða“, „að ráfa um bókasafnið“ og „mér fannst best að fara upp á 5. hæð því þar hef ég aldrei komið“. 45% stúlkna og 37% drengja nefndu lestur í sínum svörum. Dæmi um slík svör eru; „að lesa“, „að lesa Marvel bók“ og „að lesa í hljóði og hafa það kósí.“ 29% stúlkna og 18% drengja nefna bókakost í sínum svörum. Dæmi um slík svör eru; „Galdrabók“, „að það er mikið úrval af bókum“ og „að fá bók lánaða“. 16% stúlkna og 23% drengja voru með ónákvæm svör. Dæmi um slík svör eru; „allt“, „ekkert“ og „veit ekki“.

7-11% munur er á svörum drengja og stúlkna í þessum fjórum flokkum. Drengir nefndu það frekar en stúlkur að þeim þætti það að vera á staðnum skemmtilegast meðan stúlkur nefndu lestur og bókakostinn² frekar en drengir. Drengir gáfu frekar ónákvæm svör heldur en stúlkur. Hjá börnunum á aldrinum 13-16 ára nefndu þrír drengir af níu að fyrirlesturinn sem þeir hlýddu á um myndasögur hefði verið skemmtilegast. Konan sem hélt kynninguna virtist samkvæmt svörunum ná frekar til drengjanna heldur en stúlkanna en þar sem bara er um 11 svör að ræða þá er ekki hægt að segja að þau svör hafi verið marktæk.

Helstu niðurstöður:

- Svörin við öllum spurningum mældust almennt jákvæðari hjá stúlkunum og munar þar 4-13 prósentustigum.
 - Mestur munur á milli kynja var þegar þau voru spurð hvort það hefði verið gaman. Þá mældust stúlkur 13% hærri en drengir.

² Það er vert að taka það fram að börnin í aldurshópnum 6-9 ára, sem voru 83% af svarendum fengu kynningu á öllum safnkostinum, líka tónlist, hljóðbókum og mynddiskum. Samt sem áður töluðu börnin hins vegar bara um bækur þegar þau nefndu sérstakan safnkost.

- Næst mestur munur á milli kynja var þegar þau voru spurð hvort þau vildu koma aftur. Þá mældust stúlkur 10 % hærri en drengir.
- Minnstur munur var á milli kynja þegar þau voru spurð hvort þau hefðu lært eitthvað nýtt. Þá mældist stúlkur 4% hærri en drengir.
- Þegar svörin við spurningunni „hvað fannst þér skemmtilegast“ eru skoðuð þá komu drengir frekar með svör sem tengdust því að vera á staðnum heldur en stúlkur og var munurinn 10%. Einnig komu þeir frekar með ónákvæm svör heldur en stúlkur og var munurinn 7%. Stúlkur komu hins vegar frekar með svör sem tengdust lestri heldur en drengir og var munurinn 8%. Stúlkur komu einnig frekar með svör sem tengdust bókakosti heldur en drengir og var munurinn þar 11%
- 33% drengja á fyrsta grunnskólastigi lærðu eitthvað nýtt (51% árið 2014), 76% höfðu gaman af heimsókninni (74% árið 2014) og 83% vilja heimsækja safnið aftur (71% árið 2014).
- 57% stúlkna á fyrsta grunnskólastigi lærðu eitthvað nýtt (60% árið 2014), 86% höfðu gaman af heimsókninni (85% árið 2014) og 91% vilja heimsækja safnið aftur (84% árið 2014).

2.2.2 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skorkorti Listasafns Reykjavíkur var fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum 11.370 árið 2017 og 9.780 árið 2018.

Í könnun sem gerð var í Listasafninu veturinn 2017-18 komu svör frá fjórum aldurshópum, leikskólastigi (5 ára og yngri), 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. 43 hópar fengu könnunina til úrlausnar, alls 762 krakkar, en þar af voru 737 sem skiluðu svarblöðum. 22 hópar skiluðu svörum í Ámundarsafni, 10 í Hafnarhúsi og 11 á Kjarvalsstöðum.

18 svör komu frá börnum á leikskólastigi, 10 drengjum og 8 stúlkum. Lítil munur var á svörunum eftir kynjum, hjá drengunum voru jákvæð svör 93% en hjá stúlkunum 92%. Lítil munur var á svörum eftir spurningum.

315 svör komu frá börnum á aldrinu 6-9 ára, sem komu í heimsókn í Ásmundarsafn, 161 drengjum og 154 stúlkum. Hér birtist munur á svörum bæði eftir spurningum og kynjum. Færri jákvæð svör komu við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“ hjá piltum (53%) en hjá stúlkum (74%). Við spurningunni „Var gaman“ svöruðu 56% pilta jákvætt en 8% neikvætt og stúlkur svöruðu 73% jákvætt en 7% neikvætt. 17% pilta vilja ekki koma aftur á móti 6% neikvæðra svara stúlkna. 73% stúlkna eru jákvæðar fyrir því að koma aftur en 53% pilta. Almennt voru svörin nokkuð jákvæðari hjá stúlkunum, 73-74% jákvæð hjá þeim á móti 53-73% hjá drengjunum.

295 svör komu frá börnum á aldrinum 10-12 ára, 135 drengjum og 160 stúlkum. Helming pilta þótti gaman (50%) og 60% stúlkna en 17% pilta voru neikvæðir á móti 10% stúlkna. 53% pilta sögðust hafa lært eitthvað nýtt en 19% ekkert, 69% stúlkna voru jákvæðar en 6%

neikvæðar. 42% pilta svara því til að þeir myndu vilja koma aftur og 60% stúlkna. 22% pilta vilja ekki koma aftur og 21 % stúlkna.

109 svör komu frá unglíngum á aldrinum 13-16 ára, 62 drengjum og 47 stúlkum. 23% pilta sögðust vilja koma aftur en 21% síður. 58% stúlkna hyggjast koma aftur en 21 síður, sama hlutfall neikvæðra og hjá piltum. 29% pilta þótti gaman, 13% voru neikvæðir á móti 55% ánægðra stúlkna og 11% neikvæðra. Hlutfall pilta og stúlkna sem sögðust hafa lært eitthvað nýtt var nokkuð jafnt, 42% pilta og 51 % stúlkna, en 13% pilta voru neikvæðir og 11% stúlkna. .

Helstu niðurstöður:

- Almennt vöru svör í skólaheimsóknnum jákvæð; alls svöruðu 280 einstaklingar neikvætt (13%), 636 einstaklingar hvorki né (29%) og 1295 jákvætt (59%).
- Piltar svöruðu í 11% tilvika neikvætt, 37% hvorki né og 52% jákvætt.
- Stúlkur svöruðu í 9% tilvika neikvætt, 22% hvorki né og 68% jákvætt.
- Svörin voru almennt jákvæðari hjá stúlkunum en piltunum.
- Svörin voru almennt jákvæðari hjá yngri hópunum (leikskólahópi og 6-9 ára) en hinum eldri.
- Svörin urðu loðnari eftir því sem aldur hækkar, fleiri svöruðu þá „hvorki né“.
- 53% drengja á fyrsta grunnskólastigi lærðu eitthvað nýtt (73% árið 2014), 56% höfðu gaman af heimsókninni (84% árið 2014) og 53% vilja heimsækja safnið aftur (84% árið 2014).
- 74% stúlkna á fyrsta grunnskólastigi lærðu eitthvað nýtt (85% árið 2014), 73% höfðu gaman af heimsókninni (96% árið 2014) og 73% vilja heimsækja safnið aftur (90% árið 2014).
- 53% drengja á öðru grunnskólastigi lærðu eitthvað nýtt (47% árið 2014), 50% höfðu gaman af heimsókninni (63% árið 2014) og 42% vilja heimsækja safnið aftur (45% árið 2014).
- 69% stúlkna á öðru grunnskólastigi lærðu eitthvað nýtt (74% árið 2014), 69% höfðu gaman af heimsókninni (61% árið 2014) og 60% vilja heimsækja safnið aftur (70% árið 2014).

2.2.3 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Borgarsögusafn Reykjavíkur

Svör komu frá fimm aldurshópum á þremur skólastigum í Borgarsögusafni, leikskólastigi (5 ára og yngri), grunnskólastigi (6-9 ára, 10-12 ára, 13-16 ára) og framhaldsskólastigi, alls 726 svör.³

Svör fengust frá 84 börnum af leikskólastigi, 43 drengjum og 41 stúlku. Nokkur munur var á svörum eftir kynjum og spurningum. Jákvæð svör eru svör sem gefa til kynna ánægju af upplifun í safnheimsókninni sem þátttakendur voru beðnir um að meta.

Hjá drengjum voru jákvæð svör á billinu 80-86% en hjá stúlkunum var bilið breiðara eða 76-98%. Mesti prósentumunurinn var meðal stúlkna og svara þeirra við mismunandi spurningum. Sem dæmi svöruðu 76% stúlkna að þær hefðu lært eitthvað nýtt í safnheimsókninni en við spurningunni „viltu koma aftur?“ svöruðu 98% þeirra jákvætt. Athygli vekur að „hvorki né“ svör eru mun hærri hjá stúlkum eða 17% á móti 7% hjá drengjum á þessum aldri við spurningunni „lærðir þú eitthvað nýtt“. Drengir voru með hærri „hvorki né“ svörun við spurningunni „viltu koma aftur?“ eða 14% á meðan stúlkur voru í engum vafa um að vilja koma aftur.

Frá börnum á aldrinu 6-9 ára fengust 381 svar, sem skiptust þannig: 199 drengir og 182 stúlkur. Þetta var fjölmennasti hópurinn sem tók þátt í könnuninni í Borgarsögusafni. Hér greindist meiri munur á svörum drengja við spurningunum. Aðeins 65% drengja taldi sig hafa lært eitthvað nýtt í safnheimsókninni en þeir voru jákvæðari gagnvart spurningum sem snéru að því hvort þeim fyndist gaman og vildu koma aftur. Svörin við þeim lýstu 73-76% ánægju. Svörun stúlkna var mun jafnari á þessu skólastigi, ánægjustuðullinn var á bilinu 82-86%.

Frá börnum á aldrinum 10-12 ára fengust 68 svör: 39 frá drengjum og 29 frá stúlkum. Hér virðist ánægjustuðullinn lækka hjá báðum kynjum. Svör drengja sýna 51-59% ánægju með safnheimsóknina og en stúlkur virtust vera 62-72% ánægðar. Á þessu alurstigi er greinilegur munur milli kynja í neikvæðri svörun – drengir bera þar af með 18-26% neikvæða svörun á móti 0-10% neikvæða svörun hjá stúlkum. Afstöðuleysi virðist einnig aukast hjá þátttakendum á þessum aldri og svöruðu drengir „hvorki né“ á bilinu 14-20% og stúlkur á bilinu 10-12%.

Frá unglingum á aldrinum 13-16 ára fengust 74 svör: 39 drengjum og 35 stúlkum. Hér er mikill munur á milli kynja. Drengir eru áberandi neikvæðari í svörum og segjast aðeins 27-41% ánægðir með safnheimsóknina á móti 44-64% ánægju hjá stúlkum. Áhugavert er að skoða „hvorki né“ svörunina sem tekur hástökk frá fyrri skólastigum og þá hjá báðum kynjum. Þar eru drengir með 39-52% svörun og stúlkur 25-35% svörun.

Frá elstu þátttakendum könnunarinnar, framhaldsskólastiginu, fengust 119 svör: 35 drengir svöruðu og 84 stúlkur. Hér vex ánægjan aftur hjá báðum kynjum og er mun jafnari milli kynja. Ánægja hjá drengjum er á bilinu 60-71% og stúlkur eru 66-83% ánægðar.

Helstu niðurstöður:

- Svörin voru almennt jákvæðari hjá stúlkum en drengjum.

³ Fylgiskjal I, bls. ?

- Mesti munur er á milli kynja í svörun á elsta stigi grunnskóla á aldrinum 13-16 ára í spurningunni „lærðir þú eitthvað nýtt?“. 32% drengja töldu svo vera á móti 63% stúlkna. Af þessu má álykta að formið á könnuninni henti þessum aldursþópi ekki eins vel og þeim yngri. Hér mætti e.t.v. huga að rýnihópum sem hentugri aðferð fyrir unglunga.
- Eina svörun stúlkna sem var neikvæðari var við spurningunni „lærðir þú eitthvað nýtt?“, var á tveimur skólastigum; leikskólastigi og framhaldsskólastigi.
- Leikskólastigið virtist jákvæðast, þar sem 98% stúlkna vildu koma aftur og 80% drengja.
- Jafnasta svörunin var hjá stúlkum á yngsta stigi grunnskóla 6-9 ára, 82% þeirra taldi sig hafa lært eitthvað nýtt, 85% fannst gaman og 86% vildi koma aftur.
- Af svörum 6-9 ára barna að dæma mætti ætla að drengir á yngsta stigi grunnskóla hafi aðrar hugmyndir en stúlkur um það hvað það þýðir að læra eitthvað nýtt í safnheimsókn. Hér hefði einnig verið gagnlegt að vita hvort um fyrstu safnheimsókn var að ræða. Í framtíðinni mætti greina betur hverjar væntingar drengja og stúlkna eru til safnheimsókna.
- Mesti munur á svörum er meðal drengja á elsta stigi grunnskóla, 13-16 ára. Þar eru hæstu gildin í „hvorki né“ svörum sem er ólíkt öðrum aldursbilum könnunarinnar, 39-52%.
- Áhugavert er að bera saman skólastigin þar sem ánægjan dvínar með aldrinum fram að framhaldsskólastiginu þar sem hún eykst aftur. Drengir virðast óánægðari á öllum skólastigum. Óánægja meðal beggja kynja er; leikskólastig 2-9%, grunnskólastig 6-9 ára 3-15%, grunnskólastig 10-12 ára 0-26%, grunnskólastig 13-16 ára 7-34% og framhaldsskólastig 2-9%.
- „Hvorki né“ svörin aukast einnig með hækkandi aldri. Þar er grunnskólastigið 13-16 ára með áberandi hæstu svörun í „hvorki né“ svarmöguleikanum. Stúlkurnar eru þar á bilinu 25-35% en drengirnir 39-52%. Af svörum leikskólabarna má ef til vill draga þá ályktun að það er ekki nógu skýrt hvað það þýðir að læra eitthvað nýtt á safni eða stúlkur á leikskólaaldri hafa aðrar hugmyndir um það en drengir. Hér hefði verið gagnlegt að vita hvort um fyrstu heimsókn á safn var að ræða og skilgreina betur í samtali við þátttakendur hvað er hægt að læra í safnheimsókn.

Samanburður á milli 2014 og 2018

- Leikskólastig, borið saman við Minjasafn Reykjavíkur. Mesti munurinn er á spurningunni „viltu koma aftur?“, þar sem stúlkur eru nú 98% viljugar til þess á móti 83% árið 2014. Þetta snýst við milli ára hjá drengjum þar sem 80% vildu koma aftur í safnheimsókn árið 2018 á móti 96% árið 2014.
- Grunnskólastig 6-9 ára, samanburður við Minjasafn Reykjavíkur. Mesta breytingin er hjá stúlkum. Þær eru jákvæðari í spurningunni „lærðir þú eitthvað nýtt?“, 82% árið 2018 á móti 64% árið 2014. Ánægja hjá stúlkum hefur farið minnkandi í hinum

tveimur spurningunum; úr 95% ánægju í báðum spurningum árið 2014 í 86% árið 2018.

- Grunnskólastig 10-12 ára, samanburður við Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Bæði kynin eru jákvæðari núna, áberandi meiri munur er hjá drengjum. Þar er mestur munur á spurningunni „viltu koma aftur?“, sem fór úr 36% árið 2014 í 59% árið 2018.
- Grunnskólastig 13-16 ára, vantar samanburð frá skýrslu 2014.
- Framhaldsskólastig 16-18 ára. Hér er samanburður erfiður þar sem svör hjá Ljósmyndasafni árið 2014 voru mjög fá.

3 Niðurstöður og tillögur

3.1 Verkefnið

Það verkefni, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, fólst í að gera samanburð við rannsókn sem framkvæmd var árið 2014. Markmiðið er að skoða barnamenningu og viðburði fyrir börn og fjölskyldur á menningarstofnunum Reykjavíkurborgar og kanna út frá kynjahlutföllum þátttöku barna og unglunga í þessum viðburðum og/eða upplifun þeirra af þeim og leggja þannig mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu.

3.2 Meginniðurstöður

Skipulagðir viðburðir fyrir börn, sem athugaðir voru í þessari könnun, voru flestir í formi námskeiða, ritsmiðja og leshringja. Kynjahlutfall meðal þátttakenda hefur tekið stakkaskiptum frá rannsókninni árið 2014. Meginniðurstöður þeirrar rannsóknar voru á þá leið að viðburðir og kynningar á vegum stofnana MOF hafi náð betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju. Þá voru þátttakendur að jafnaði 70% stúlkur og 30% drengir.

Í þeirri rannsókn sem hér hefur verið greint frá er hlutur drengja orðinn 45% á móti 55% hlut stúlkna.

Gera má ráð fyrir að stór ástæða þess megi rekja til þeirra breytinga sem ráðist var í á sviðinu við útkomu skýrslunnar árið 2014 og þeirrar staðreyndar að horfst var í augu við niðurstöður rannsóknarinnar með gleraugum KFS.

Eftir útkomu skýrslunnar var gripið til fjölþættra aðgerð. T.d. var ákveðið að úthluta fjármagni úr barnamenningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann, lögð var áhersla á að gæta kynjajafnræðis við val á umsjónarmönnum viðburða og fengu umræddir starfsmenn fræðslu um jafnrétti og menningaruppeldi stráka og stelpna. Breytingar voru gerðar á starfsmannahaldi til þess að tryggja aukna aðkomu karlkynsstarfsmanna að undirbúningi og framkvæmd viðburða og fræðslu og settir voru á stofn rýnihópar kennara og ungmenna úr grunnskólum Reykjavíkur.

Í rannsókninni frá 2014 kom bersýnilega í ljós skakkt kynjahlutfall þeirra sem komu að skipulagningu og umsjón þeirra viðburða sem greindir voru. Yfir sviðið í heild var það að jafnaði 78% konur og 22% karlar.

Í þeirri rannsókn sem hér hefur verið greint frá hafði hlutfallið breyst á þá leið að 35% skipuleggjenda voru karlar og 65% konur. Því má ætla að vel hafi gengið að huga að þessum þætti við skipulagningu viðburða á vegum safnsins.

Viðhorfskannanir sem gerðar voru meðal skólabarna, sem komu í skipulagðar heimsóknir í stofnanir MOF, sýna að meirihlutinn taldi sig hafa ánægju og/eða gagn af heimsókninni líkt og í síðustu rannsókn.

Svör stúlkanna voru, líkt og árið 2014, jákvæðari en drengjanna.

Jákvæðnin minnkar eftir því sem börnin eldast og er minnst á þriðja grunnskólastigi.

Það er ljóst að skólaheimsóknir, sem stofnanir MOF eru að bjóða börnum og unglingum upp á, ná enn mun betur til stúlkanna en drengjanna, þegar litið er ánægju.

3.3 Tillögur

Sá kynjamunur sem kemur fram í rannsókninni, hvort sem litið er til þátttöku í viðburðum eða viðhorfs gagnvart skólaheimsóknum, verður varla skýrður á einfaldan hátt né lagfærður með einföldum aðgerðum. Muninn á upplifun kynjanna verður að skoða í víðara samfélagslegu samhengi og ljóst að það þarf dýpri skilning á viðhorfum þátttakenda til þess að bregðast við niðurstöðunum. Þar er um langtímaverkefni að ræða.

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi:

- Stofnaður verði starfshópur fræðslu þvert á sviðið:
 - Rýndar verði ástæður að baki breytinga á milli kannana í samhengi við utanaðkomandi þætti, s.s. skólakerfið, samfélagið og tæknibreytingar.
 - Skoðuð verði tengsl aldurs og áhuga barna í skólaheimsóknum, með breytingar á samfélaginu í huga, og velt upp hvort kynvitund ungs fólks í dag gæti haft meiri áhrif á útkomu kynjaðra rannsókna en fram til þessa hefur verið talið.
 - Að skoðað verði hvort mismunandi aðferðafræði í fræðslu gæti reynst betur. Í því samhengi verði leitað ráðgjafar hjá skóla- og frístundasviði, Samtökunum 78 og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.
 - Rýnd verði þróun framboðs þjónustu við skólabörn á undanförunum árum á vegum annarra stofnana en sviðsins og meta stöðuna í því ljósi, s.s. er samkeppnin um tíma skólabarna að harðna, er framboðið of keimlíkt eða þarf að efla sérstöðu stofnana sviðsins?
 - Að stofnaðir verði rýnihópar með það að markmiði að kanna hug nemenda og kennara. Hvaða væntingar eru kennarar og nemendur með til heimsókna á söfn borgarinnar?
 - Að stofnaður verði rýnihópur, skipaður drengjum af elsta skólastigi grunnskóla, þeim hópi sem hallar mest á í niðurstöðum rannsókna þessarar. Kallað verði eftir hugmyndum drengjanna með það að markmiði að sníða safnfræðsluna betur að þeirra væntingum.

- Lögð verði rík áhersla á að tryggja aðkomu fjölbreytts hóps að þróun námskeiða og fræðsluefnis á vegum stofnana sviðsins.
- Að gerðar verði breytingar á útfærslu næstu rannsóknar. Í því felst m.a.:
 - Að víkka út svarmöguleika um kyn þeirra sem hafa aldur til og færa þannig ákvörðunina um kyn þátttakenda úr okkar höndum. Aðgerðin verði unnin í samráði við hinsegin sérfræðinga mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.
 - Að nýta betur sjónrænar aðferðir með það að markmiði að fá fram einlægari svör frá börnunum og biðja þau um að teikna og skrifa í stað þess að hafa svarmöguleikana takmarkaða við „lítið (1 eða ☹)“; „hvorki né (2 eða ☹)“ eða „mikið (3 eða ☺)“. Með því að teikna og skrifa er fæst frekari innsýn í upplifun safngesta.
 - Mælt er með því að sambærileg könnun verði ekki endurtekin. Ný könnun þarf að endurspegla betur það samfélag sem við búum við í dag.
 - Framkvæmd verði könnun meðal kennara eða umsjónaraðila á þeirra upplifun og hvort þeir séu með tillögur til úrbóta.

Reykjavík, 31. janúar 2020

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hún hafi lesið skýrsluna og sé meðvituð um næstu skref: